

32
16. mars

REGLUGJÖRÐ

fyrir

vatnsveitu í Húsavíkarkauptúni.

1. gr.

Húsavíkurhreppur er eigandi að vatnsveitufyrirtæki því, sem gert var í Húsavíkarkauptúni sumarið 1926. Vatnsveitusvæðið er Húsavíkarkauptún að undanteknum eignunum Hvammi, Hóli, Grundarhóli, prestssetrinu Húsavík og býlunum þar fyrir utan og ofan.

2. gr.

Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps hefir umráð vatnsveitunnar, en öll framkvæmdastörf, er hana snerta, felur hún þriggja manna nefnd úr flokki hreppsúa, og er oddviti hreppsnefndarinnar sjálfkjörinn í nefndina. Nefnd þessi heitir vatnsveitunefnd og er kosin til þriggja ára í senn.

3. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu skal greiða vatnsskatt árlega, enda eiga húseigendur rjett á að fá vatnsæðar lagðar inn fyrir húsvegg. Skatturinn skal lagður á eftir virðingarverði húsanna til fasteignaskatts, þannig:

Af fyrstu 15000 krónum virðingarverðsins greiðast 5⁰/₀₀.

Af næstu 15000 — — — — — 4⁰/₀₀.

Af því, sem er fram yfir 30000 krónur, — 3⁰/₀₀.

Þegar einn er eigandi að fleiri húsum, sem notuð eru til sama atvinnurekstrar — enda sje ekki búið í nema einu þeirra, — þá reiknast vatnsskattur af samanlögðu virðingarverði húsanna.

Undanþegin vatnsskatti eru peningshús og hlöður, sem liggja fjarri vatnsæðum í útjöðrum vatnsveitusvæðisins, svo og slíkar byggingar, ef fasteignamat þeirra er innan við 200 krónur, enda sje ekki skylt að leggja í slík hús vatnsæðar.

4. gr.

Af öllum íbúum vatnsveitusvæðisins greiða húsráðendur 4 krónur árlega fyrir hvern mann, sem telst heimilismaður hjá þeim, þegar manntal er tekið næst áður en niðurfjöfnun skattsins fer fram.

5. gr.

32

Fyrir öll vatnsafnot, sem fram yfir eru venjulegar heimilisþarfir, skal gjald ákveðið með samningi við vatnsveitunefnd. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal greiða: 16. mars

- a. Fyrir vatn í síldarpækil og kjötpækil 10 aura fyrir hverja tunnu síldar og 15 aura fyrir hverja tunnu kjöts.
- b. Fyrir vatn til fiskþvottar 2 krónur fyrir hver 10 skipfund fiskjar.
- c. Fyrir vatn handa stórgripum 4 krónur fyrir hvern grip.
- d. Fyrir hvert vatnssalerni 5 krónur.
- e. Fyrir vatn til annarar notkunar eftir mati, þannig, að fyrir hverja 100 hektólítra greiðist 5 krónur upp að 10 þúsund hl., en minna fyrir það, sem umfram er, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunefndar. Notandi má hafa löggiltan vatnsmæli.

Enginn má setja hreyfivjelar í samband við vatnsæðarnar án leyfis hreppsnefndar.

6. gr.

Fyrir vatn til skipa skal greiða 2 krónur fyrir hverja smálest við afhendingu, þó eigi minna í hvert skifti en 5 krónur.

Vatnsveitunefnd getur fyrir eitt ár í senn eða skemri tíma gert samning við eigendur eða umráðamenn skipa um árgjald eða mánaðargjald af skipum.

7. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 15. júlí og 15. október ár hvert, og greiðist helmingur skattsins á hvorum gjalddaga. Vatnsskatt má taka lögtaki, og má byrja að gera lögtak í skattskyldu húsi fyrir þeim hluta skattsins, sem á húsið er lagður, án tillits til eigendaskifta.

8. gr.

Hreppsnefndin hefir einkarjett til vatnssölu á vatnsveitusvæðinu og til skipa á höfninni.

9. gr.

Hreppsnefnd er heimilt án samþykkis stjórnarráðsins að hækka eða lækka vatnsskatt um alt að 20% fyrir eitt ár í senn.

32

16 mars

10. gr.

Vatnsveitunefnd löggildir í umboði hreppsnefndar einn mann eða fleiri, sem hæfir þykja til þess að hafa umsjón með vatnsveitunni og til þess að leggja vatnsæðar þær, sem vatnsveitan eða einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við vatnsæðar hreppsins. Skulu þeir hlíta kaupum því og fara eftir reglum þeim, er vatnsveitunefnd setur. Engir aðrir en þeir, sem þannig eru löggiltir, mega leggja æðar frá aðalvatnsveitunni í hús eða breyta vatnsæðum.

11. gr.

Skyld er hverjum húseiganda og lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim, eða þær bila. Sjerstaklega skal hann gæta þess, að ekki frjósi í æðunum.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

12. gr.

Vatnsveitunefnd, umsjónarmanni og löggiltum lagningarmönnum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar eru, til þess að athuga tæki þau, sem sett eru í samband við þær. Ef þeim mönnum þykir útbúnaði ábótavant að einhverju leyti, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað húseiganda.

13. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, er vanrækja að láta gera við leka á pípum eða bilanir á tækjum, sem eru í sambandi við þær, eða þeim, er eyða vatni að óþörfu; svo og fyrir þeim, sem ekki greiða vatnsskatt á rjettum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

14. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis umsjónarmanns hennar.

15. gr.

Hver, sem skemmir eða saugar vatnsæðar vatnsveitunnar, vatnsþróna, brunahana eða önnur mannvirki, sem heyra henni til, skal, auk þess að greiða skaðabætur að fullu, sæta sektum alt að 200 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hegningarlögunum.

Sömu sektum sætir sá, sem brýtur gegn einkarjetti hreppsins til vatnssölu.

16. gr.

Reglugjörð þessi endurskoðist fyrir árslok 1930.

32

16. mars

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Húsavíkurhrepps hefir samið og samþykkt staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi 1. apríl 1927 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. mars 1927.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Líknarsjóð Ög- 33
urhrepps útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju- 29. mars
málaráðherra 29. mars 1927. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Líknarsjóð Ögurhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Líknarsjóður Ögurhrepps og er hann stofnaður af nokkrum konum í Ögurhreppi, við fráfall Sigríðar Gísladóttur ljósmóður, til minningar um hana.

Stofnfje sjóðsins er 645 — sex hundruð fjörutíu og fimm — krónur.